

Alþingi
Erindi nr. P 132/1588

komudagur 11.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

Reykjavík, 11. apríl 2006

TILVÍSUN

2006030494
G-ums 02/06

Umsögn um 624. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Í bréfi dagsettu 27. mars 2006 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 með síðari breytingum, 624. mál. Fer hún hér á eftir.


Í 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988 er kveðið á um að undanþegnir virðisaukaskattsskyldu séu þeir sem selja vörur eða þjónustu, sem fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts, fyrir lægri fjárhæð en kr. 220.000 á ári. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að veltumark þetta verði hækkað í kr. 500.000. Ríkisskattstjóri tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið, en bendir jafnframt á að þeir sem undanþegnir eru virðisaukaskattsskyldu samkvæmt þessu ákvæði njóta ekki innskattréttar, þ.e. þeir fá ekki virðisaukaskatt af aðföngum til rekstrarins endurgreiddan úr ríkissjóði í formi innskatts. Skattalegt hagræði þeirra af undanþágunni nemur því aðeins virðisaukaskatti af þeim virðisauka sem verður í rekstri þeirra.


Í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 er heimild til handa fjármálaráðherra að setja reglur um innskatt, fyllri þeim sem er að finna í lögnum. Þar á meðal er ráðherra heimilað að kveða á um leiðréttingu innskattsfrádráttar verði breyting á notkun varanlegra rekstrarfjármuna. Í lagaákvæðinu er tiltekið að leiðréttingartíminn geti verið allt að tíu ár þegar fasteign á í hlut. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að hámarks leiðréttingartími verði lengdur í tuttugu ár. Ríkisskattstjóri fagnar tillögu þessari, enda telur hann núgildandi leiðréttingartíma of skamman. Sá sem hingað til hefur byggt hús fyrir virðisaukaskattsskylda starfsemi sína, hefur að tíu árum liðnum getið tekið húsið til annarra nota, án þess að þurfa að skila til baka í ríkissjóð nokkru af þeim virðisaukaskatti sem hann fékk í formi innskatts við húsbýgginguna. Til að eyða alveg út slíkum samkeppnisraskandi áhrifum þyrfti leiðréttingarskyldan að vara allan endingartíma viðkomandi eignar. Endingartími verður vart séður fyrir þá er breyting verður er gefur tilefni til leiðréttingar og því óhjákvæmilegt að binda leiðréttingarskylduna við einhvern tiltekinn tíma. Tuttugu ára leiðréttingartími er í takt við fyrningartíma húsa og annarra mannvirkja samkvæmt 5. tölul. 37. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Þær breytingar sem lagðar eru til með 1. og 3. gr. frumvarpsins miða að því að einfalda skil virðisaukaskatts af byggingarstarfsemi og eru að mati ríkisskattstjóra til þess fallnar að ná því markmiði.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að breytingarnar taki gildi 1. júlí 2006, þ.e. á tímamörkum almennra uppgjörstímabila virðisaukaskatts. Er það vel, enda eru breytingar af þessum toga innan uppgjörstímabils til þess fallnar að valda vandkvæðum við skil skattsins.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Einar Arnby Lárusson


Sigurjón Högnason